

## Ársfundur félagsliða 2006

### Skýrsla fyrir starfsárið

#### Stofnun faghópsins.

Störf félagsliða eru sífellt að festa sig betur í sessi. Nú eru yfir 100 manns sem hafa útskrifast úr þessu námi og þann 3. maí 2005 var haldinn stofnfundur fyrir faghóp félagsliða. Tilgangur faghópsins er meðal annars að knýja á um kjör og menntun félagsliða. Þetta var merkilegur áfangi í Eflingu-stéttarfélagi því þetta er fyrsti hópurinn innan Eflingar sem ákveður að stofna sérstakan faghóp á grundvelli menntunar og reynslu í umönnunarstörfum.

#### Verkefni faghópsins á fyrsta starfsvetri.

Faghópurinn hefur verið duglegur að vinna að málefnum félagsliða.

Fyrsti fræðslufundurinn var haldinn þann 29. nóvember 2005 en þar fjallaði Berglind Magnúsdóttir sálfræðingur og verkefnastjóri í samþættingu heimaþjónustu í Reykjavík um mikilvægi félagsliða í umbreytingum heimaþjónustunnar við að geta veitt fjölbreyttari og markvissari þjónustu miðað við þarfir eldri borgara. Berglind taldi félagsliða vera afar mikilvæga til að geta bætt og fjölgað úrræðum fyrir þá eldri borgara sem vilja búa sem lengst heima.

Á fundinum fór fram könnun meðal félagsliða á hvað þeir vildu helst sjá og heyra á vegum hópsins á fræðslufundum, fyrirlestrum og um tíðni funda yfir árið. Niðurstaða könnunarinnar er afhent hér á ársfundinum. Mun niðurstaða könnunarinnar verða notuð við skipulag starfsins á næsta vetri.

Á öðrum fræðslufundinum þann 23. febrúar 2006 var höfð að leiðarljósi niðurstaða könnunnar félagsmanna þegar fyrirlestrarefni var valið.

Fjallað var um sorg og sorgarviðbrögð, reiði, vonleysi og depurð hjá hinum aldraða/sjúka og hvernig félagsliðar bregðist við með hlustun og samtölum. Sigfinnur Þorleifsson sjúkrahúsprestur á Landspítalanum flutti erindi í upphafi og síðan voru umræður.

## **Staða í kjaramálum félagsliða.**

Stærsti félagsliðahópurinn er starfandi í félagslegri heimaþjónustu og aðhlyningu hjá Reykjavíkurborg eða ríflega 70 manns en einnig fer þeim fjölgandi sem starfa á hjúkrunarheimilum.

Hjá Reykjavíkurborg hafa störf félagsliða farið í starfsmat eins og önnur störf hjá Reykjavíkurborg og eru nú tvö starfsheiti virk.

Annars vegar er um félagsliða í heimaþjónustu að ræða, þar sem byrjunarlaun 1. janúar 2006 hjá yngri en 20 ára eru kr. 147.177,- og eftir 12 ára starf hjá Reykjavíkurborg eru grunnlaunin hjá 35 ára og eldri kr. 181.128,- Hins vegar er um að ræða störf félagsliða í umönnun og þar eru byrjunarlaun frá 1. janúar 2006

kr. 149.385,- og eftir 12 ára starf hjá Reykjavíkurborg eru grunnlaunin hjá 35 ára og eldri kr. 183.845,- Þar sem að störf félagsliða eru hins vegar ný og að einhverju leyti enn í mótnun, má reikna með að þessi störf geti þróast enn frekar og mun þá starfsmatið endurspegla þá þróun.

Þegar nýr kjarasamningur við ríki og hjúkrunarheimili tók gildi 1. mars 2004, var einnig gengið frá stofnanasamningi við þær stofnanir þar sem að félagsmenn Eflingar starfa.

Í þessum stofnanasamningum var störfum raðað inn í launatöflu fyrir þau starfsheiti sem félagsmenn Eflingar starfa við.

Aðalkjarasamningurinn við ríki og hjúkrunarheimili gildir til marsloka 2008, en stofnanasamning er hægt að taka til endurskoðunar hvenær sem þörf þykir. Þegar skrifað var undir stofnanasamninga, voru störf félagsliða enn í mótnun og ári seinna eða 2005 var talin full ástæða til að endurskoða störf félagsliða með tilliti til innröðunar í launatöflu.

Landspítalinn, Reykjalundur, Skálatún og Fell gengu frá nýrri innröðun, þar sem að byrjunarlaun hjá félagsliðum yngri en 20 ára frá 1. janúar 2006 eru kr. 140.632,- og eftir 5 ára starf eru grunnlaunin hjá 35 ára og eldri kr. 165.657,- Því miður hafa önnur hjúkrunarheimili ekki fylgt í kjölfarið og lagfært innröðun fyrir félagsliða hjá sér og þar eru byrjunarlaun hjá félagsliðum yngri en 20 ára kr. 124.841,- og eftir 5 ára starf eru grunnlaunin hjá 35 ára og eldri kr. 156.081,- .

Ljóst er að töluvert vantar á að störf félagsliða séu alls staðar metin að verðleikum og mun faghópurinn væntanlega koma að þeirri vinnu til að svo megi verða.

Faghópur félagsliða eru frumkvöðlar í sínu starfi og okkar bíður mikil vinna við að efla okkar starf, gera okkur sýnilegri og stuðla að því á markvissan hátt að félagsliðar verði sá kjarni sem aðhlyning og stuðningur við aldraða og fatlaða byggist á.